

Borgarráð

Tillaga um breytingu á skipulagi varðandi vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð.

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögu stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun um breytingu á skipulagi vinnunnar.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Hjálagt:

Tillaga og greingargerð um breytingu á skipulagi varðandi vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð, dags. september 2019

Erindisbréf sérfræðihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg, drög

Sniðmát að erindisbréfi fyrir svið Reykjavíkurborgar um starfshópa um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun, drög

September 2019

Tillaga um breytingu á skipulagi varðandi vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð

Lagt er til að skipulag verkefnisins verði eftirfarandi:

1. Ábyrgð á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð færð til sviðsstjóra.

Á árinu 2018 var samþykkt að ábyrgð á innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar væri færð til sviðsstjóra til eins árs. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að ábyrgð á þeirri vinnu sé færð til sviðsstjóra ótímabundið.

2. Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun.

Stýrihópurinn ber ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá fag- og kjarnasviðum, ásamt miðlægum skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar. Einnig ber hann ábyrgð á að setja fram hugmyndir um aðferðafræði til að nýta við innleiðinguna og að fylgja innleiðingunni eftir. Stýrihópurinn leggur fram tíma- og verkáætlun KFS samhliða tíma- og verkáætlun um gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Borgarráð skipar í stýrihópinn sem í eiga sæti þrjú fulltrúar, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta.

3. Sérfræðihópur kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Settur verði á fót sérfræðihópur KFS sem skipaður er af stýrihópi. Sérfræðihópurinn tekur að sér hlutverk fyrirverandi ráðgjafahóps KFS en er skipaður sérfræðingum innan borgarkerfisins með þekkingu, reynslu, og áhuga á kynjuðum fjármálum. Helstu verkefni hópsins eru að veita stýrihópi og starfshópum fag- og kjarnasviða ráðgjöf, hvatningu og stuðning. Hópurinn sér jafnframt um fræðslu og kynningar um verkefnið eftir því sem þörf er á. Núverandi ráðgjafahópur KFS verði lagður niður.

Sjá drög að erindisbréfi í viðhengi 1.

4. Starfshópar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á fag- og kjarnasviðum.

Settir verði á fót starfshópar um KFS á fag- og kjarnasviðum. Hlutverk þeirra er að leiða og styðja við vinnu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar á sínu sviði. Helstu verkefni hópanna eru að leiða greiningarstarf sviðsins í tengslum við KFS og gæta þess að brugðist sé við niðurstöðunum. Auk þess er þeirra hlutverk að sjá til þess að jafnréttisskimanir séu unnar á sviðinu, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar og veita ráðgjöf við gerð þeirra. Starfshóparnir á fag- og kjarnasviðum geta nýtt sér þjónustu sérfræðihóp KFS. Sviðsstjóri skipar í starfshóp skv. erindisbréfi.


Sjá drög að erindisbréfi í viðhengi 2.

Greinargerð

Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg hófst árið 2011 með það að leiðarljósi að sambætta þekkingu á jafnréttismálum við gerð fjárhags- og starfsáætlana hjá borginni. Innleiðingin er liður í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum sem byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum.

Margt hefur áunnist á þeim 8 árum sem innleiðingin hefur staðið, m.a. hafa verið unnar greiningar á þjónustu allra fagsviða borgarinnar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar, breytingar hafa verið gerðar á reglum um gerð fjárhagsáætlun og reglum um styrkjaúthlutun Reykjavíkurborgar til þess að stuðla enn betur að auknu jafnrétti við áætlun fjármagns. Með tillögu þessarier sóst eftir því að samræma enn frekar vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunar.

Myndræn framsetning nýs skipulags sem tillaga þessi kveður á um:



Í viðhengi eru: 1) drög að erindisbréfi verkefnahóps og 2) drög að erindisbréfi starfshópa fag- og kjarnasviða.

Erindisbréf

Sérfræðihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður:

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að veita stuðning, hvatningu og ráðgjöf í vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð.

Helstu verkefni:

- Veita þeim sem vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð ráðgjöf.
- Veita fræðslu um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð í samvinnu við verkefnastýru.
- Koma á tengslum við aðra sem vinna að kynjuðum fjármálum.
- Veita ráðgjöf um vinnslu á jafnréttisskimunum og jafnréttismat í samvinnu við verkefnastýru.
- Annað sem verkefninu tengist og stýrihópurinn felur ráðgjafahópnum að vinna.

Fulltrúar í sérfræðihópi:

Hópurinn er skipaður af stýrihópi KFS. Í sérfræðihóp eiga sæti sérfræðingar innan borgarkerfisins með þekkingu, reynslu, og áhuga á kynjuðum fjármálum. Formennska hópsins skiptist á milli mannréttindastjóra og sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs. Með hópnum vinnur verkefnastýra KFS.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Verkefnisstjórn fjármálaráðuneytis um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð.
Ytri ráðgjafar.

Starfstími starfshóps:

Sérfræðihópurinn er skipaður til ársloka 2020 og verður skipan hans og verkefni endurskoðuð að þeim tíma loknum

Viðauki 2

Erindisbréf

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á ____ sviði

Ábyrgðarmaður:

Sviðstjóri _____ sviðs

Hlutverk:

Vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar.

Helstu verkefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Tryggja að verklagsreglum sem tengjast kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun sé fylgt eftir á sviðinu.
- Vinna greinargerðir í fjárhagsáætlun um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu.
- Leiða verkefni um greiningar á þjónustubáttum í samræmi við verklagsreglur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (FMS-VLR-087) og tíma- og verkáætlun stýrihóps KFS.
- Skipa vinnuhópa, eftir þörfum, til að sjá um greiningar á þjónustubáttum og styðja við starf þeirra.
- Tryggja að tillögum um aðgerðir vegna útkomu greininga sé fylgt eftir.
- Tryggja að rökstuðningur liggja fyrir ef talið er óþarft að greina ákveðinn þjónustubátt.
- Hafa umsjón með vinnu á jafnréttisskimun og jafnréttismati vegna nýrra verkefna eða breytinga á verkefnum í samræmi við verklagsreglur um fjárfestingaáætlun og reglur um gerð fjárhagsáætlunar (FMS-VLR-048 og FMS-STE-001).
- Hafa umsjón með gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats vegna tillagna um auknar fjárheimildar sviðsins (viðauka) í samræmi við verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar (FMS-VLR-086).
- Greina hvaða kyngreindu gögn þarf að safna á sviðinu og finna leiðir til þess.

Starfshópana skipa:

Starfshóparnir skipa þrjá til fjóra aðila, og gæta skal jöfnu kynjahlutfalli. Mikilvægt er að í hópnum séu aðilar með þekkingu á fjárhagsáætlunarferli Reykjavíkurborgar og/eða jafnréttismálum.

Ráðgjöf/samstarf:

Sérfræðihópur KFS, stýrihópur KFS, verkefnastýra KFS, og aðrir eftir atvikum.